

Þórður Albert Jóhannsson (1902-1973), húsmíðameistari og Signý Stefánsdóttir (1905-2007), saumakona

2020/54

Þórður Albert Jóhannsson fæddist 11. október 1902 á Syðri-Másstöðum og lést 18. september 1973. Faðir Þórðar var Jóhann Frímann Þórðarson, bóndi, f. 25. júlí 1870, d. 28. október 1940 og móðir hans var Anna Aðalheiður Þorsteinsdóttir, húsfreyja, f. 28. desember 1867, d. 31. október 1948. Þórður átti sjö systkini.

Signý Stefánsdóttir fæddist 25. júní 1905 á Fallandastöðum í Hrútafirði og lést 19. febrúar 2007 á Akureyri. Faðir hennar var Stefán Böðvarsson, bóndi, f. 11. júní 1876, d. í apríl 1906, og móðir hennar var Þórdís Jónsdóttir, ráðskona, f. 10. nóvember 1875, d. 23. maí 1971. Hún átti þrjú alsystkini og þrjú sammæðra systkini.

Þórður og Signý eignuðust saman tvö börn, dreng sem lést barnungur að aldri og stúlku.

Þórður var smiður og byggði hann þeim Signýju húsið að Hamragerði 23 á Akureyri.

Signý vann sem saumakona.

Afhendingin barst frá Signýju Jónsdóttur, barnabarni Þórðar og Signýjar, og er fyrsta afhendingin sem Héraðsskjalasafninu berst frá þessum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. nóvember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2020 / 54

A-Þórður A. Jóhannsson og Signý Stefánsdóttir

A-Þórður A. Jóhannsson og Signý Stefánsdóttir

1943 - 1977

A 1 1 1943 - 1977 Sálmaskrár og þakkarkort